

# FLÓRGOÐINN

## FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

3. tbl. 15. árgangur



### LITLA UPPLESTRAR- KEPPNIN



#### FRÁBÆRAR HÁTÍÐIR

Nemendur í öllum 4. bekkjum skólans hafa komið fram undanfarna daga og lesið upp fyrir foreldra og aðra gesti.

Upplesturinn er afrakstur af starfi Litlu Upplestrarkeppinnar sem er systir Stóru Upplestrarkeppinnar hjá nemendum í 7. bekk. Hver bekkur hélt sína hátíð á sal skólans.

Fjölskyldur nemenda komu og hlýddu á flutninginn, einnig vorum við svo heppin að Ingibjörg Einarsdóttir skipuleggjandi keppinnar sá sér fært að vera viðstödd.

Krakkarnir stóðu sig með sóma og sýndu hvað í þeim býr. Fluttir voru textar og ljóð ásamt því að nemendur spiluðu á hljóðfæri og sungu.

Að hátíðinni lokinni buðu nemendur til kaffisamsætis í heimastofunni sinni.

### “THREEPEAT”

#### SIGUR Í VEISTU SVARIÐ ÞRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ

Frábær árangur liðs Áslandsskóla í spurningakeppni grunnskóla.

Lið Áslandsskóla sigraði Vestu svarið, spurningakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði nú á dögum. Lið Áslandsskóla vann lið Öldutúnskóla með einu stigi í æsispennandi keppni.

Í undankeppninni lagði liðið að velli lið Lækjarskóla og lið Setbergsskóla.

Þetta er þriðja árið í röð sem Áslandsskóli vinnur Vestu svarið en liðið er skipað að þessu þeim Atla Hrafnkelssyni Ara Sigfússyni og Bjarka Steinari Viðarssyni.

Garðar Guðmundsson kennari hefur haft veg og vanda af undirbúningi og æfingum liðsins.

Í æfingahópnum voru auk strákanna þau María Kristjana Gunnarsdóttir Smith, Benedikt Elvar Skarphéðinsson og Andri Þór Hafþórsson.

Til hamingju krakkar.



Frábært hefur verið að fylgjast með keppendum okkar í Vestu svarið en nemendur leggja á sig mikla vinnu við undirbúning og æfingar.

Þá er gaman að geta þess að nemendur sem hafa skipað okkar lið hafa síðan haldið áfram og keppt fyrir hönd sinna framhaldsskóla í spurningakeppninni Gettu betur.

## PANGEA

## STÆRÐFRÆÐIKEPPNI

ÞRÍR NEMENDUR Í  
LOKAÚRSLIT

Pangea er alþjóðleg stærðfræðikeppni fyrir 8. og 9. bekk sem haldin er í yfir 17 Evrópulöndum og Ísland tók þátt í fyrsta sinn í ár. Þátttakendur komu úr um 40 skólum á landinu.

Lokaúrslitin fara fram um helgina og eigum við í Áslandsskóla þrjá keppendur þar sem er frábær árangur.

Þau sem halda merki skólans á lofti í keppninni eru Bjarki Steinar Viðarsson og María K. Gunnarsdóttir Smith úr 9. bekk og Jakob Aronsson úr 8. bekk. Gangi ykkur framúrskarandi vel.



## UMFERÐARFRÆÐSLA

Miðopna Flórigoðans er að mestu helguð umferðarfræðslu og hjólareglum



Umferðarfræðsla í grunnskólum ber mestan árangur þar sem gott samstarf við heimili nemenda næst.

Hlutverk heimilanna í umferðarfræðslu og forvörnum er mikilvægt því þar er mótunin sterkust.

Við hvetjum ykkur til að nýta góða veðrið og ganga eða hjóla í skólann með börnunum ykkar svo fækka megi bílum sem aka að skólanum á morgnana.

Að vera börnum sínum góð fyrirmynd í umferðinni er öflugasta fræðslan ásamt því að kenna þeim um lög og reglur sem eru í gildi.

Gæta þarf að því að öryggisbúnaður þeirra sé í lagi sem og notkun reiðhjólahljálma.

Á þessari síðu er hægt að skoða fræðslumyndbönd um hjólreiðar

<http://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/reidhjol/>

og í þessum ágæta bæklingi er m.a. hægt að fræðast um atriði sem hafa ber í huga varðandi hjólreiðahljálma

<https://www.landsbjorg.is/assets/myndir/umferd/us-hjalmar%20baeklingur%20lok%202006.pdf>.

## HEILRÆÐI FYRIR FORELDRA

Börnin okkar þarfnast foreldra sinna líka á netinu. Þau þurfa skýrar reglur sem þurfa ávallt að vera í takt við aldur og þroska barnsins. Mestu skiptir að eiga góð samskipti við barnið um þessa hluti og að leiða frekar en skipa.

VODAFONE hefur tekið saman nokkur heilræði sem eiga við um mismunandi aldursbil. Þau eru einungis leiðbeinandi - hver og einn þarf að meta hversu vel þau eiga við um sínar aðstæður.

Heilræðin finnið þið hér: <https://vodafone.is/vodafone/vodafone/samfelagsleg-abyrgd/god-samskipti/heilraedi-fyrir-foreldra/>





# REIÐHJÓLAREGLUR Í ÁSLANDSSKÓLA

Við höfum skýrar reglur í Áslandsskóla.

1. Nemendur sem náð hafa 7 ára aldri mega koma á hjóli í Áslandsskóla, því samkvæmt 40. grein umferðarlaga mega börn yngri en 7 ára ekki vera hjólandi í umferðinni nema í fylgd með 15 ára og eldri.

Nemandi sem kemur á hjóli gerir það á áhættu og ábyrgð foreldra/forráðamanna sem skulu meta færni og getu nemandans sem og aðstæður til að hjóla í skólann.

Óleyfilegt er með öllu að koma á reiðhjóli í Áslandsskóla nema að nota viðeigandi öryggisbúnað.

2. Ekki má nota reiðhjól í frímínútum eða meðan á skólastarfi og starf Trölllaheima er í gangi. Það getur leitt til slysa nemenda sem eru að leik á skólalóðinni. Því er hjólaumferð ekki leyfð á skólalóð frá kl. 8:00-16:00.

3. Þegar komið er á hjóli í skólann á að geyma hjól læst í eða við hjólagrindur.

Skólinn ber enga ábyrgð á hjólum. Ef hjól týnist, skemmist eða annað slíkt er ekki hægt að óska eftir skoðun atvika í öryggismyndavélaupptökum.

Þjófnað eða skemmdarverk getur viðkomandi kært til lögreglu.

4. Reiðhjól má ekki nota á milli íþróttahúsa/sundlauga og skóla á skólatíma.

## MYNDIR

Í blaðinu eru ýmsar myndir úr skólastarfinu undanfarnar vikur.



## MacRoumors

Á síðunni má finna mörg stutt myndbönd með skemmtilegum ábendingum um notkun Ipad, fyrir byrjendur sem og lengra komna.

Þannig að hún nýtist nemendum, kennurum og foreldrum á góðan hátt til að nýta sér möguleika Ipad betur.

Slóðin á myndböndin er:  
<https://www.youtube.com/user/macrumors>



## SLEPPISTÆÐI

Frábært framtak stjórnar Foreldrafélags skólans

Texti á þessari síðu er frá Foreldrafélagi skólans og lýtur að öryggi barnanna okkar í skólanum.

Sleppistæðin eru skólamegin á bílastæðinu. Upp við græna grindverkið nær leikskólanum. Á sleppistæðum er foreldrum og gestum með öllu óheimilt að leggja til lengri tíma.

Unnið er að því að kaupa sérstök "Sleppistæðiskilti" til að aðgreina svæðið. Langtímastæðin eru fjölmörg þar sem heimilt er að leggja bílum og þau eru aðeins 3-20 skrefum innar á stæðinu.

Forðist að sleppa börnum út annars staðar en á sleppistæði eða í langtímastæði. Það skapar mikla hættu og ringulreið þegar bílar eru að stoppa út um allt á stæðinu, bílar að taka fram úr þeim og börn á gangi á bílastæðinu á sama tíma.

Þetta á sérstaklega við í upphafi og lok skóladags.

## AF UMFERÐINNI VIÐ ÁSLANDSSKÓLA

### AKA

Stjórn Foreldrafélags Áslandsskóla hefur áhyggjur af umferðaröryggi barnanna okkar og þá sérstaklega í upphafi skóladags.

Ef ekkert verður að gert er hættu á alvarlegum slysum.

Virðum einstefnu inn á bílastæðið. Inn hjá leikskólanum Tjarnarási en út hinu megin. Þetta hefur gengið ágætlega.

Bannað er að leggja bifreiðum á svæðin þar sem gangbraut liggur í gegnum bílastæðið. Þetta var ítrekað brotið í vetur og óskiljanlegt og óásættanlegt að foreldrar barna leggi bifreiðum sínum þarna og skapi á sama tíma gríðarlega hættu fyrir börnin sem koma gangandi gegnum bílastæðið.

Tökum nú höndum saman. Nú er vorið að koma og fleiri börn koma gangandi í skólann. Sköpum því öruggara aðgengi barnanna að skólanum með bættu aksturslagi og venjum kringum skólann okkar. Maður byrjar á að breyta hjá sjálfum sér en pikkum óhikað í næsta mann ef einhver gleymir sér



## Á döfinni

MAÍ & JÚNÍ

17 20

MAÍ

Skipulagsdagur 17. maí  
Vorþróf í unglingsdeild 20., 23.  
& 24. maí

8 9

JÚNÍ

Foreldradagur í yngri og mið-  
deild 8. júní  
Skólaslit 9. júní

## ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
S: 585 4600

Netfang: [aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:  
LEIFUR S. GARÐARSSON  
Skólastjóri